



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/1778  
komudagur 21.4.2010

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2010  
2010030242/0.1.2/MH/kg

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingar í ökuskipteini um vilja til líffæragjafar.**

Landlæknisembættið þakkar fyrir að fá ofangreint mál til umsagnar. Um er að ræða þingsályktun um að Alþingi álykti að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja með reglugerð um ökuskipteini að á þeim séu upplýsingar um vilja til líffæragjafar.

Þann 01.02.2010 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Kristján L. Möller út reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskipteini. Í 4. gr. þeirrar reglugerðar er lagt til að 7. viðauki breytist þannig að á eftir 5. mgr. 1. tl. með fyrirsögninni „Sameiginleg ákvæði“ komi ný málsgrein, 6. mgr., sem orðist svo:

Liggi fyrir sérstök skrifleg beiðni ökuskipteinishafa er heimilt með þátttölu að tilgreina upplýsingar í ökuskipteini um að hann sé líffæragjafi. Beiðnin skal undirrituð í viðurvist lögreglustjóra. Upplýsingar skulu færðar í dálk 12 í ökuskipteininu. Lögreglustjóri skal gera skrá yfir ökuskipteinishafa sem leggja fram beiðni samkvæmt 6. mgr. 1. tl. í 7. viðauka við reglugerð um ökuskipteini og varðaveita allar beiðnir með öruggum hætti.


Á eftir „575. skirteinishafi löggiltur ökukennari vegna réttindaflokka ABCD og E“ í þriðja tölulið með fyrirsögninni „Innlendar tákntölur“ kemur: 900 skirteinishafi hefur gefið yfirlýsingu um að hann sé líffæragjafi.

Ekki verður því séð annað en að efni þingsályktunartillögunnar hafi þegar verið fest í reglugerð.

Landlæknisembættið styður efnislega þá hugsun að fólki sé gert kleift að tjá vilja sinn um líffæragjafir með merkingu í ökuskipteini. Hins vegar virðist sem ekki hafi verið hugað nægilega að framkvæmd þessarar reglugerðar. Þannig hefur fulltrúi frá lögreglunni komið að máli við Landlæknisembættið og talið óeðlilegt að haldin sé líffæragjafaskrá hjá lögreglunni. Þá hafi ekki verið hugað að því að viðkomandi geti á kostnaðarlítinn hátt breytt einkennisnúmerinu í ökuskipteini ef honum snýst hugur, nema með því að greiða fyrir nýtt ökuskipteini.

Við eftirgrennslan hjá formanni nefndar heilbrigðisráðuneytis um líffæragjafir kom í ljós að nefndin vissi ekki af ofangreindri reglugerðarbreytingueða eða fyrirhugaðri þingsályktunartillögu, né heldur þeir læknar sem helst stunda þessi fræði hér á landi. Svo virðist því sem málið hafi ekki verið nægilega vel undirbúið og að eitthvað kunni að skorta á eðlilegt samráð.

Virðingarfyllst,

  
Matthías Halldórsson  
aðstoðarlandlæknir